

Uppfærsla á áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins

1 Áhersluverkefni

Nafn staðar/svæðis	Nánar um staðinn/svæðið	Verkefni	Markmið
Orkugarður	Orkugarður og áningarstaður til að minnast upphafs nýtingar á heitu vatni á Íslandi sem á uppruna sinn nálægt þessum stað. En árið 1908 var fyrst leitt heitt vatn inn í íbúðarhús á Íslandi af Stefáni B. Jónssyni bónda á Reykjum.	Búið er að samþykka deiliskipulag fyrir Orkugarð - Áningarstað. Gert er ráð fyrir að áningarsvæðið verði stækkað og myndi Orkugarð við borholu Veitna með upplýsingaskiltum um sögu heita vatnsins. Komið verði fyrir 9 bílastæðum sem myndu marka upphaf gönguleiðar upp Reykjafell og sem tenging við Græna trefil höfuðborgarsvæðisins. Einnig sett upp hjólastæði, lýsing, ásamt því að yfirborðsfrágangur yrði lagaður með hellulögn, malbiki og grænu svæði. Leiktæki og bekkir settir upp.	Bæta umferðaröryggi gangandi, hjólandi og almenningsgangna og akandi á stað sem er hættulegur og færa innviði til nútímalegra horfs. Festa í sessi betri og stærri áningarstað. Einnig er aðgengi að borholu MG-17 bætt með yfirborðsfrágangi. Bæta upplifun gesta ásamt aukinni fræðslu og upplýsingagjöf.

Gljúfrasteinn og Jónstótt	Hlutverk Gljúfrasteins er að varðveita og sýna heimili Halldórs Laxness og fjölskyldu hans. Safnið er lifandi og stendur vörð um lífsstarf Nóbelskálðsins. Jónstótt verður gestastofa sem tilheyrir starfsemi Gljúfrasteins og mun sinna móttöku ferðafólks.	Þróa og hanna möguleika til upplifunar í og við umhverfi Gljúfrasteins og Jónstóttar. Með gerð göngustíga, áningarstaða og upplifunarsvæða með tengingu við verk Halldórs Laxness.	Svæðið munu auka afþreyingarmöguleika fyrir gesti, fjölskyldufólk, göngufólk og ferðafólk. Auk þess verða til svæði sem verða tilvalin til útikennslu fyrir leik- og grunnskólanema.
Fræðsluslóð/Ganga frá Blikastaðanesi að Leiruvogi	Tæplega 4 km gönguleið meðfram strandlengju Blikastaðaness og að Leiruvogi.	Byggja upp gönguleið með áningarstaði, möguleika á fuglaskoðun og fræðslu meðfram fallegrri strandlengju.	Gönguleiðin mun auka upplifun gesta og fræða um leið um áhugaverða minjar, sjaldgæfar plöntur og fjölbreytt fuglalíf.
Útivistarsvæðið í Hamrahlíð við Úlfarsfell	Aðkomusvæði við vinsæla gönguleið.	Lagfæra bílastæði, bæta aðkomu og stígakerfi þar sem bílastæði er of lítið til að mynda og svæðið ekki gert fyrir svona mikla ásókn.	Með þessu geta fleiri notið og umhverfið verður öruggara fyrir ferðamenn
Álaflosskvos	Álaflosskvosin er staðsett í hjarta Mosfellsbæjar og er samofin sögu og menningu bæjarins. Í dag er svæðið miðstöð handverks og hefur fjölbreyttur hópur listafólks aðstöðu á svæðinu. Kvosin er umkringd fallegrri náttúru; Varmá, Álafoss, Reykjalundarskógur og Stekkjarflöt. Álaflosskvosin hefur þannig góðar tengingar við fallegar gönguleiðir í átt að Hlégarði og miðbæ Mosfellsbæjar í gegnum Stekkjarflöt og til austurs í gegnum Reykjalundarskóg og að Varmánni.	Vinna við þróun áfangastaðarins Álaflosskvos undir forystu Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins verður unnið á tímabilinu mars-júní. Markmiðið er að skoða frekar möguleika Álaflosskvosar sem áfangastaðar fyrir ferðamenn. Ætlaður afrakstur vinnunnar eru hugmyndir að aðgerðum til að efla áfangastaðinn og framtíðasýn fyrir Álaflosskvos. Áherslur Mosfellsbæjar á verkefni í Álaflosskvos munu	Gera Álaflosskvos að áhugaverðum áfangastað fyrir ferðamenn.

		taka mið af niðurstöðum þessar vinnu.	
Sundaðstaða við Hafravatn	Við Hafravatn geta ferðamenn upplifað ósnerta íslenska náttúru steinsnar frá þéttbýli höfuðborgarsvæðisins og baðað sig í íslensku stöðuvatni.	Gera bílaplan, pall úti vatnið og skýli til að skipta um föt.	Markmiðið er nýr segull fyrir ferðamenn í Mosfellsbæ í ósnertri náttúru

2 Mögulegir áfangastaðir

Hvaða áfangastaðir innan sveitarfélagsins eru ekki orðnir vinsælir áfangastaðir ferðamanna en gætu orðið að áfangastöðum? Vinsamlegast teljið þá upp undir þessum lið í þessu skjali.

Tjaldsvæði - er ekkert í Mosfellsbæ

Stekkjjarflöt

Ævintýragarður

Ásar undir Helgafelli – minjar og útsýnisstaður

Kaldakvísl - stígur og svæði á flöt við ána nálægt Ævintýragarðinum og samgöngustíg